

umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

51. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

52. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum nr. 48 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Sauðárkrókshöfn, nr. 67/1949 ásamt breytingu samkvæmt reglugerð nr. 87/1963.

Samgönguráðuneytið, 13. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Neshrepp utan Ennis, Snæfellsnessýslu.
2. Miðneshrepp, Gullbringusýslu.

Byggingasamþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.